

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, Borg í Grímsnesi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 22. febrúar 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, frá 28. apríl 2003.

Breytingin felst í því að um 4000 m² spilda norðan við félagsheimilið að Borg í Grímsnesi breytist úr verslunar- og þjónustusvæði í opið svæði til sérstakra nota og jafnframt breytist um 4000 m² svæði norðan við verslunina að Borg úr blandaðri landnotkun þjónustustofnana og verslunar og þjónustu í íbúðarsvæði.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 22. febrúar 2006.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 10. mars 2006